
SJÁLFSMATSSKÝRSLA VARM AHLÍÐARSKÓLA

maí 2018



Efnisyfirlit

Meginniðurstöður.....	2
Inngangur	3
Um Varmahlíðarskóla.....	4
Markmið skólastarfs.....	5
Nemendur.....	6
Starfsmenn	7
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats.....	8
Sjálfsmat veturinn 2017-2018.....	10
Mat á gæðagreiðni 1.2 Forysta í skólastarfi.....	10
Mat á gæðagreiðni 1.3 Um breytingastjórnun	11
Mat á gæðagreiðni 1.4 Um forystu og starfsmannastjórnun.....	12
Mat á gæðagreiðni 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni.....	13
Mat á gæðagreiðni 1.1 Um umbótamiðaða sjálfsmat	13
Mat á Lestrarstefnu Skagafjarðar.....	14
Umbótaáætlanir skólaársins 2017-2018 - starfsfólk	18
Innra mat á skólastarfi - nemendur	24
Mat á gæðagreiðni 2.1 Námsreynsla nemenda 3.-4. bekkur.....	24
Mat á gæðagreiðni 2.1 Námsreynsla nemenda 5.-7. bekkur.....	25
Mat á gæðagreiðni 2.1 Námsreynsla nemenda 8.-10. bekkur.....	26
Umbótaáætlanir skólaársins 2017-2018 – nemendur.....	28
Skólapúlsinn.....	34
Skólapúlsinn foreldrar.....	35
Skólapúlsinn nemendur.....	39
Árleg skimun starfsfólks – niðurstöður.....	42
Áætlun um sjálfsmat 2016-2019	43
Viðauki 1: Einkunnaskali.....	44

Meginniðurstöður

Mat starfsfólks	
gg. 1.2 Forysta í skólastarfi Matseinkunn: 4	gg. 1.3 Breytingastjórnun Matseinkunn: 4-5
gg. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun Matseinkunn: 4	gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni Matseinkunn: 5
gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat Matseinkunn: 4	Gæðagreinir um læsi Matseinkunn: 4-6

Til glöggvunar á matsniðurstöðum má skoða gildi hvernar einkunnar skv. einkunnaskala sjálfsmatskerfisins sem sjá má í viðauka 2.

Fjórdá árið í röð voru árlegar viðhorfakannanir lagðar fyrir í vefkerfi Skólapúlsins. Vefkerfið heldur utan um nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir sem lagðar eru fyrir í skólanum. Þetta árið voru kannanir lagðar fyrir nemendur og foreldra. Nú getur starfsfólk skólans bæði skoðað stöðu í einstökum þáttum til samanburðar við skóla af sömu stærð á landsvísu svo og skoðað þróunina á milli ára innan skólans. Rýnt hefur verið í niðurstöður kannananna jafnt og þétt yfir skólaárið en heildarsamantekt skólaársins má skoða í þessari skýrslu.

Inngangur

Öllum grunnskólum ber að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga. Grunnskólalögin má sjá á eftirfarandi slóð:

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=d43fd486-c36f-43b3-be74-8ed4e265dd93>

Með sjálfsmatinu fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið. Árangur skólans í einstökum þáttum er metinn þar sem markmið skólans eru lögð til grundvallar sem viðmið. Í matsferlinu eru sterkir og veikir þættir skólastarfsins dregnir fram. Leitað er leiða til að viðhalda sterku þáttunum og efla þá enn frekar. Brugðist er við veikum þáttum með því að setja fram þróunaráætlun sem felur í sér umbætur á viðkomandi þætti í skólastarfinu. Þannig á sjálfsmatið ætíð að stuðla að umbótum í skólastarfi. Tilgangur þess er fyrst og fremst sá að gera góðan skóla betri. Sjálfsmat skóla er því leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun og vexti hvers skóla.

Varmahlíðarskóli hefur notað *Gæðagreinana*, sjálfsmatskerfi að skoskum uppruna, allt frá haustinu 2002. Skólaskrifstofa Skagfirðinga þýddi efnið *How good is our school* árið 1999. Árið 2010 var þriðja útgáfa af gæðagreinunum þýdd og nefnist hún *Gæðagreinar 2*. Gæðagreinarir hafa frá upphafi verið aðgengilegir öllu skólafólki, m.a. á vef fræðsluþjónustu Skagafjarðar. Skotarnir uppfærðu sjálfsmatsefnið enn á ný og gáfu út í september 2015, *How good is our school*, 4. útgáfa. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar vann að þýðingu á nýju útgáfunni á skólaárinu og á vormisseri var íslenska þýðingin Hversu góður er grunnskólinn okkar? gefin út. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á sjálfsmatskerfinu með nýju útgáfunni, lykilþáttum og gæðagreinum hefur verið fækkað til muna og gert ráð fyrir aukinni fjölbreytni varðandi matsferlið. Jafnframt er lögð áhersla á að skólar aðlagi matskerfið enn frekar að sérstöðu hvers skóla og bæti við gæðaviðmiðum um skólastarf við þau gæðaviðmið sem sett eru fram í hverjum lykilþætti. Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er þó enn hinn sami, en nýjungarnar eru til þess fallnar að hægt verði að efla gæði umbótamiðaðs innra mats þar sem stefnan er sett á framúrskarandi gæði skólastarfs. Sem fyrr snýst kjarni sjálfsmatsins um áhrif skólastarfs á nemendur.

Sjálfsmatsteymi var sett á laggirnar í upphafi skólaárs. Í því eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, fulltrúi kennara og fulltrúi starfsmanna ásamt kennsluráðgjafa. Hlutverk þess er að fylgja eftir matsáætlun skólans, rýna í matsþætti og hafa umsjón með

eftirfylgni þróunaráætlana. Í vetur störfuðu í teyminu Helga Harðardóttir, Lára Gunndís Magnúsdóttir, Kristvina Gísladóttir, Trostan Agnarsson, Hafdís Edda Stefánsdóttir og Ólafur Atli Sindrason. Kennsluráðgjafi sá um fyrirlögn og úrvinnslu. Aðstoðarskólastjóri sér um árlega sjálfsmatsskýrslugerð. Á skólaárinu var unnið samkvæmt þriggja ára áætlun um innra mat skólans með sjálfsmatsaðferðum skólans, Hversu góður er grunnskólinn okkar. Matsniðurstöður og leiðir til umbóta í þeim þáttum sem lagðir voru fyrir eru birtar í þessari skýrslu.

Allt starfsfólk kemur að sjálfsmati skólans og aðkoma nemenda að sjálfsmatinu hefur aukist og er í þróun.

Um Varmahlíðarskóla

Varmahlíðarskóli er í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu og er rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Upptökusvæði skólans er í stuttu máli Varmahlíð og dreifbýli í framanverðum Skagafirði en auk þess koma nemendur skólans frá öðrum svæðum. Frá haustinu 2006 hafa allir grunnskólanemendur úr Akrahreppi sótt skóla í Varmahlíð. Allir nemendur utan göngufæris við skólann eru í daglegum heimanakstri. Í lok skólaársins voru 110 nemendur í skólanum. Heildarfjöldi starfsmanna var 38, að meðtöldu starfsfólki íþróttamiðstöðvar, ýmist í hluta- eða fullu starfi. Í starfsáætlun skólans og ársskýrslu má sjá fjölda nemenda eftir árgöngum svo og upplýsingar um starfsmenn og stöðugildi.

Leiðarljós in í skólastarfi Varmahlíðarskóla eru **virðing**, **metnaður** og **vellíðan**. Við höfum þá trú að með því að rækta virðingu, gleði, vináttu, heilbrigði og ábyrgð í skólastarfi leggjum við grunn að því að nemendur öðlist sjálfstraust til að takast á við nám sitt af metnaði og alúð og séu vel undir framtíðina búnir. Við leggjum ríka áherslu á velferð allra nemenda í leik og starfi.

Skólastarf hefst kl. 8:20 á morgnana. Skólabílstjórar eru sjö. Nokkuð er breytilegt milli vikudaga hve lengi er kennt. Í mötuneyti skólans fá allir nemendur og þeir starfsmenn sem þess óska, morgun- og hádegisverð daglega og miðdegisdrykk á fimmtudögum.

Á fimmtudögum eru tækifæri til félagsstarfa fyrir eldri nemendur og er nemendum ekið heim að þeim loknum. Þetta hefur verið nýtt aðra hverja viku í vetur vegna hagræðingar í

rekstri. Einnig gefst eldri nemendum kostur á fjölbreyttu félagsstarfi á vegum Félagsmiðstöðvarinnar Friðar, utan Varmahlíðar. Diskótek eru haldin á fjögurra til sex vikna fresti fyrir eldri nemendur á vegum skólans. Haldnar eru tvær bekkjarskemmtanir fyrir hvern bekk á hverju skólaári í umsjón umsjónarkennara. Félagsstörf yngri nemenda hafa einnig verið í höndum umsjónarkennara.

Foreldrafélag starfar við skólann og hefur það komið að starfi skólans með ýmsum hætti. Bekkjarfulltrúar foreldra voru kosnir á aðalfundi í haust og stóðu þeir að aðventugleði í lok nóvember.

Tónlistarskóli Skagafjarðar hefur um árabíl haft aðsetur í Varmahlíðarskóla. Eiga nemendur skólans kost á að sækja tónlistarkennslu á skólatíma. Í vetur sóttu 43 nemendur Varmahlíðarskóla tónlistarnám sitt á skólatíma. Er það talið auka gæði náms, fjölbreytileika í skólastarfi og telst til forréttinda að nemendur í dreifbýli eigi kost á að sækja tónlistarnám á skólatíma. Mikil og farsæl samvinna er á milli Varmahlíðarskóla og Tónlistarskóla Skagafjarðar.

Skólahúsnæði Varmahlíðarskóla er staðsett við Birkimel og fer þar fram öll starfsemi skólans. Allir bekkir eiga sína heimastofu en þær eru misstórar. Matsalur er tvísetinn þar sem hann rúmar ekki nemendafjöldann. Tölvuver er með 16 nettengdum tölvum. Smíðar, heimilisfræði, málmsmíði textílmennt og myndmennt eiga sínar sérgreinastofur. Það sem upp á vantar er sérstök aðstaða fyrir kennslu í náttúruvísindum. Aðstaða til íþróttar- og sundiðkunar er góð. Sundlaugin er nýtt til sundkennslu allt skólaárið fyrir alla nemendur skólans.

Nemendum í 8., 9. og 10. bekk er boðið upp á valáfanga sem hluta af námi. Nemendum í 10. bekk bauðst valáfangi UTN 103, í samvinnu við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og nýttu 13 af 16 nemendum bekkjarins sér það. Einn nemandi 10. bekkjar stundaði nám í framhaldsskólaáfangum í stærðfræði.

Markmið skólastarfs

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir að markmið grunnskóla, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Grunnskólinn á að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Skólinn skal stuðla að góðu samstarfi við heimilin með það að leiðarljósi að tryggja farsælt

skólastarf. Starfshættir skólans eiga að mótask af umburðarlyndi, kærleika, kristilegri arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.

Hlutverk grunnskólans er að veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar, auka leikni og stuðla að áframhaldandi menntun og þroska hvers og eins. Skólinn stuðlar að sjálfstæðri hugsun og þjálfar nemendur í samvinnu. Varmahlíðarskóli starfar eftir hugmyndafræðinni **skóli án aðgreiningar**. Skólafestna Varmahlíðarskóla byggir á ofangreindum markmiðum auk skólafestnu Skagafjarðar.

Sex grunnpættir menntunar eru lagðir til grundvallar í nýrri Aðalnámskrá frá árinu 2011. Þeir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnpættirnir eru leiðarljós í starfi skólans. Náms, kennsla, samskipti og skólabragur mótask af þessum þáttum og þeir fléttast inn í daglegt starf.

Nemendur

Þetta skólaár voru nemendur alls 110. Skipting í bekkir var eins og hér segir:

1. bekkur	7 nemendur	Umsjón Birgitta Sveinsdóttir/ Þyrey Hlífarsdóttir
2. bekkur	13 nemendur	Umsjón Birgitta Sveinsdóttir/ Þyrey Hlífarsdóttir
3. bekkur	7 nemendur	Umsjón Sara Gísladóttir, María Eymundsdóttir/Hafdís Skúladóttir
4. bekkur	13 nemendur	Umsjón Sara Gísladóttir, María Eymundsdóttir/Hafdís Skúladóttir
5. bekkur	9 nemendur	Umsjón Kristvina Gísladóttir
6. bekkur	6 nemendur	Umsjón Kristvina Gísladóttir
7. bekkur	13 nemendur	Umsjón Sigrún Benedíksdóttir
8. bekkur	11 nemendur	Umsjón Helga Sigurðardóttir
9. bekkur	15 nemendur	Umsjón Trostan Agnarsson
10. bekkur	16 nemandi	Umsjón Ólafur Atli Sindrasen

Starfsmenn

Starfsmenn skólans voru 38 í vetur. Stjórnendur eru þrír, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu. Kennarar með réttindi eru 17 að meðtöldum stjórnendum og tveir leiðbeinendur eru í hlutastarfi við list- og verkgreinakennslu. Stöðugildi til kennslu urðu 13,5 eftir smá viðbót á haustmánuðum. Stuðningsfulltrúum fjölgaði í fjóra í 3,25 stöðugildum. Skólaliðar eru fimm í 3,7 stöðugildum. Námsráðgjafi er í 50% starfi, þroskaþjálfari í 85% starfi, ritari í 80% starfi og húsvörður í fullu starfi. Matráðar eru fjórir í 3,43 stöðugildum.

Starfsmenn íþróttamiðstöðvar eru fjórir, þar af er forstöðumaður íþróttamiðstöðvar í 100% starfi. Aðrir starfsmenn í íþróttahúsi eru þrír í 2,4 stöðugildum.

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Varmahlíðarskóli hefur byggt sjálfsmat sitt á skoskri sjálfsmatsaðferð, **How good is our school**. Aðferðin hefur verið endurskoðuð og uppfærð í gegnum árin. Þrisvar sinnum hafa uppfærslurnar verið þýddar yfir á íslensku árin 1999, 2010 og nú síðast vorið 2016. Starfsfólk Fræðslupjónustu Skagafjarðar þýddi nýjustu (fjórðu) útgáfu Skotanna af sjálfsmatskerfinu með tilstyrk frá Erasmus+, menntaáætlun Evrópusambandsins. Nefnist efnið nú í íslenskri þýðingu: **Hversu góður er grunnskólinn okkar?**

Með sjálfsmatsefninu fylgir einkunnaskali sem gerir ráð fyrir í sjálfsmatskerfinu **Hversu góður er grunnskólinn okkar?** byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í þrjá lykilþætti sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

1. Forysta og stjórnun
2. Námskilyrði
3. Velgengni og árangur

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. Hvernig stöndum við okkur?
2. Hvernig vitum við það?
3. Hvað gerum við næst?

Einkunnagjöf er á bilinu 1-6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 eða **mjög gott**, sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið skólastarfsins. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem við kemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka II.

Framkvæmd matsins:

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið **Hversu góður er grunnskólinn okkar?** byggir á.

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Tvö matseyðublöð fylgja hverjum gæðagreini, annars vegar *dæmi um gæðaviðmið* og hins vegar *dæmi um gagnlegar spurningar* sem snúa að

gæðagreininum. Ætlast er til þess að skólar meti ýmist gæðagreinin í heild sinni eða velji gæðaviðmið og/eða gagnlegar spurningar úr matseyðublöðunum til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að skólastarfi á hverjum stað.

Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefa þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir efninu, sjá viðauka II. Matsaðilar koma sér svo saman um eina heildareinkunn sem gefin er í lokin fyrir gæðagreinin sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunar-gögn“ í þessu tilliti.

Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum sjálfsmatskerfisins *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* í fjórum skrefum:

1. **Skilgreining lykilþátta**, undirþátta eða þema eftir því sem við á.
2. **Skilgreining viðmiða**, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða **framúrskarandi**. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila.
3. **Greining sterkra þátta í skólastarfi, svo og þátta sem þarfnast umbóta**, umsögn og einkunnagjöf.
4. **Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn**, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.
5. **Eftirfylgni umbóta**.

Sjálfsmat veturinn 2017-2018

Á skólaárinu voru gæðagreinar lagðir fyrir til mats skv. þriggja ára matsáætlun. Í október var lagður fyrir starfsmenn gæðagreinar 1.2 um Forystu í skólastarfi og gæðagreinar 1.3 um Breytingastjórnun. Í nóvember var lagður fyrir starfsmenn gæðagreinirinn 1.4 um Forystu og starfsmannastjórnun og gæðagreinar 1.5 um Verklag sem stuðlar að sanngirni. Í janúar var lagður fyrir starfsmenn gæðagreinar 1.1 um Umbótamiðað sjálfsmat. Í maí var lagður fyrir gæðagreinar um Læsi. Starfsmönnum sem mátu gæðagreinana var skipt í hóp.

Kannanir Skólapúlsins voru lagðar fyrir nemendur í október. Notaðar eru kannanir í því vefkerfi sem lagðar eru fyrir alla nemendur í 6. – 10. bekk, foreldrar/forsjáraðilar allra nemenda við skólann fá boð um þátttöku. Kannanir voru lagðar fyrir foreldra í febrúar. Fjallað er um kannanirnar og helstu niðurstöður í sérköflum hér á eftir.

Hér á eftir eru settar fram niðurstöður mats úr öllum þáttum sem metnir voru á skólaárinu. Stuttlega er gerð grein fyrir framkvæmd matsins, helstu niðurstöðum og áætlun um umbætur. Hér er bæði um að ræða mat starfsmanna og nemenda.

Mat á gæðagreini 1.2 Forysta í skólastarfi

Gæðagreinirinn var metinn af þremur, fimm manna hópum alls starfsfólks á starfsmannafundi 3. okt. 2017.

Heildareinkunnagjöf: 4 gott.

Helstu niðurstöður starfsmanna eru að mikilvægt sé að viðhalda góðum anda og góðu náms - og starfsumhverfi.

Sterkar hliðar okkar eru dugleg að fara á námskeið og tileinka okkur nýjar aðferðir, það sýna t.d. Lestrarstefnan, stærðfræðinámskeið (Numicon) og iPad innleiðing.

Nemendur eru samvinnufúsir, hjálpsamir, kurteisir og bera virðingu fyrir hver öðrum. Nemendur eru duglegir að læra hver af öðrum, s.s í aukinni tæknivæðingu. iPad.

Við erum dugleg að halda fundi og ræða sameiginlega um málefni skólans og nemenda.

Notkun á Mentor hefur aukist.

Það er margt gott sem starfsfólk er að gera í námi og við erum á réttri braut. Við þurfum að tileinka okkur leiðsagnarnámshætti ef við ætlum að nýta okkur nýtt matskerfi til fulls, nemendum til góða.

Til veikra þátta nefna starfsmenn að við gætum verið duglegri við miðlun almenns fróðleiks á milli starfsfólks. Til dæmis ef starfsmenn fara á námskeið er gott að kynna fyrir öðrum starfsmönnum. Jafningjamat starfsfólks og jafningjafræðsla mætti vera öflugra.

Með símati og leiðsagnarmati færumst við í rétta átt varðandi ábyrgð nemenda í námi. Við eigum þó eftir að leggja meiri vinnu í að gera nemendur ábyrgari í námi og meðvitaðri um námsstöðu sína.

Námsmenning innan skólans er almennt góð og árangursrík en mætti vera skipulagðari. Leiðsagnarnám með markmiðasetningu þarf að vera öflugra.

Mat á gæðagreini 1.3 Um breytingastjórnun

Gæðagreinirinn var metinn af þremur, fimm manna hópum alls starfsfólks á starfsmannafundi 3. okt. 2017.

Heildareinnkunnagjöf: 4-5 gott – mjög gott

Helstu niðurstöður starfsmanna eru að allt starfsfólk sé meðvitað um það sem er verið að gera. Starfsmönnum finnst mikilvægt að við séum samstíga í vinnunni. Starfsfólk telur gott að halda áfram á sömu braut með nýbreytni.

Sterku hliðarnar eru að nemendur okkar hafa staðið sig vel t.d. NKG og Stíl, fá hvatningu og örvun í skólanum. Innleiðing tækni og iPada er sterkur þáttur og við erum opin fyrir nýjungum. Við höfum tileinkað okkur nýbreytni og leggjum áherslu á að efla sköpunargáfu nemenda. Við höfum sameiginlegan skýran skilning á helstu þáttum og allir starfsmenn leggja sitt af mörkum. Við vinnum saman eftir sýn skólans. Skólinn er lifandi stofnum í stöðugri þróun. Allir eru boðnir og búnir til að taka þátt í breytingum og umbótum fyrir nemendur

Gæðagreinar eru gagnlegt verkfæri til að tryggja aðkomu allra að umbótum. Reglulegt sjálfsmat tryggir stöðugar umbætur sem hefur áhrif á árangur nemenda.

Upplýsingar úr innra mati eru nýttar til umbóta en það mætti gera betur og sýnilegar.

Starfsfólki þótti vinnan við innleiðingu lestrarstefnu góð. Lestrarteymi í skólanum leiddi stefnumótun og vinnu starfsfólks. Sérstakur gæðagreinir var nýttur til að leggja mat á stöðu og grunn að næstu skrefum. Með því áttu allir starfsmenn kost á að koma sínu á framfæri og fá hlutdeild í vinnunni. Lestrarteymið innan og utan skóla og öll vinna var til fyrirmyndar. Lestrarstefnan okkar í Skagafirði ásamt nýjum viðmiðum MMS gefa okkur aukin tækifæri til markmiðssetningar og eftirfylgni. Við erum öll að vilja gerð að rækta sköpunargáfu og nýbreytni í skólastarfi.

Til veikra þátta nefna starfsmenn að við þurfum að vera vakandi gagnvart nýjungum.

Gott að auka og efla faglega umræðu á margvíslegum viðfangsefnum til að auka samstöðu og sameiginlegan skilning starfsfólks. Eftirfylgni og aukinn tími mættu vera meiri. Það mætti gera umbótaáætlun sýnilegri í ákvörðunum. Til veikra þátta var nefnt að hægt væri að virkja skólasamfélagið betur til að ígrunda um framtíðarsýn okkar.

Heildarstefnu um þróun umbóta þarf að móta og þar með framtíðarsýn skólastarfsins.

Upplýsa þarf nemendur markvisst um stefnu og markmið.

Nauðsynlegt er að undirbúa allar breytingar vel.

Mat á gæðagreini 1.4 Um forystu og starfsmannastjórnun

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur, sex manna hópum alls starfsfólks á starfsmannafundi 14. nóv. 2017.

Heildareinnkunnagjöf: 4 gott

Niðurstöður hópanna voru þær helstar að góður skólabragur sé í skólanum, vellíðan starfsfólks, metnaður og umhyggja fyrir nemendum.

Sterkasta hliðin er gott upplýsingaflæði og það er aldrei of mikils metið.

Starfsfólk telur að skólabragurinn sé góður og að starfsfólki skólans líði almennt vel og sé samhent. Lögð er áhersla á námsárangur nemenda á forsendu hvers og eins.

Starfsfólk telur til veikra þátta að kynna betur fyrir nýju fólki, skráðar og óskráðar reglur skólans og koma starfsmanninum skipulega inn í starfshætti skólans.

Allt starfsfólk þarf að gæta orða sinna alltaf - ekki hvað síst í opnum rýmum þar sem nemendur eru. Skólanámskrá er ekki fullunnin. Benda þarf nýju starfsfólki á starfsáætlunina sem er á netinu og vinna verklag um móttöku nýrra starfsmanna.

Mat á gæðagreiini 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur, sex manna hópum alls starfsfólks á starfsmannafundi 14. nóv. 2017.

Heildareinnkunnagjöf: 5

Niðurstöður hópsins voru að nýta upplýsingatækni í námi nemenda og koma til móts við þarfir allra. Skólinn starfar í anda skóla án aðgreiningar og skóla fyrir alla.

Sterku hliðarnar að mati starfsfólks eru upplýsingatækni í skólanum er sterkur þáttur. Íþad væðing hefur gengið vel og allir í 5.-10.bekk komnir með sitt eigið tæki sem er nýtt til náms. Við sinnum bæði bráðgerum og seinfærum nemendum, nemendur hafa meira val á úrræðum eftir því sem þeir eldast.

Það sem metið er til veikra þátta er að það vantar betra gagnsæi varðandi fjármuni og fjárfestingar skólans. Það þarf meiri eftirfylgni hjá stjórnendum varðandi einstaka þætti í skólastarfi.

Mat á gæðagreiini 1.1 Um umbótamiðaða sjálfsmat

Gæðagreinirinn var metinn af fimm, sex manna hópum alls starfsfólks á starfsmannafundi 16. jan. 2018.

Heildareinnkunnagjöf: 4 gott

Helstu niðurstöður starfsmanna voru að halda áfram að viðhalda sterkum hliðunum okkar og að virkt sjálfsmat leiði til framfara.

Sterku hliðarnar eru að allir starfsmenn eru mjög virkir í endurmati.

Í skólanum eru næg tækifæri til þróunar-, umbótastarfa, fagnáms o.þ.h. fyrir starfsfólk. Starfsfólk mætti vera duglegra að nýta sér þau tækifæri og efla sig faglega.

Hagur nemenda er hafður að leiðarljósi við gerð sjálfsmats. Starfsfólk hefur tileinkað sér gagnrýna hugsun. Vísbendingar úr sjálfsmati eru vel nýttar til umbóta. Eflaust meira en starfsfólk gerir sér grein fyrir - þ.e.a.s. að sjálfsmatsskýrslur eru nýttar í umbótaáætlanir og framkvæmdaáætlanir. Fólk fær tækifæri til þess að taka að sér verkefni og stýra þeim. Starfsfólk áttar sig á ábyrgð á umbótum.

Til veikra þátta nefna að starfsmenn að þurfi að knýja betur á að breytingar og umbætur verði framkvæmdar. Einnig nefna þeir að nauðsynlegt sé að vera duglegri að nýta sér tækifæri til faglegrar eflingar. Stafsmenn gætu verið ábyrgari í umbótaferlinu með því að vera virkari í innra mati og sjálfstæðari. Starfsmenn telja að þeir geti verið duglegri að hvetja hvern annan til að miðla þekkingu sín á milli með t.d. jafningjafræðslu. Þeir telja einnig að þeir þurfi að vera duglegri við að lesa sjálfsmatsskýrslur hvers árs og kynna sér þróunaráætlanir sem byggðar eru á þeim. Það mætti hvetja fólk til meiri umræðna og ígrundunar. Tíminn er stundum af skörnum skammti til þess.

Mat á Lestrarstefnu Skagafjarðar

Heildarsamantekt á mati og umbótum starfsfólks á starfsmannafundi í Varmahlíðarskóla 14. maí 2018

	Einkunnagjöf	
	Yngra stig	Eldra stig
Lestur og skilningur	5 mjög gott	5 mjög gott
Lestrarhvetjandi umhverfi	4 gott	5, mjög gott
Samstarf við heimilin	6 framúrskarandi	4-5, gott-mjög gott
Samfella á milli skólastiga	5 mjög gott	4-5, gott-mjög gott
Tvítyngi og fjöltýngi	3 fullnægjandi	4 gott
Einstaklingsmiðun	5 mjög gott	5 mjög gott
Skimanir/matstæki	6 framúrskarandi	6 framúrskarandi

Yngra stig samantekt

Sterku hliðarnar okkar:

- Við teljum að við stöndum vel í vinnu með lestur og lesskilning í skólanum
- Gott aðgengi að bókum á bókasafni sem starfsfólk er duglegt að nýta sér í kennslu. Þar er starfsmaður sem er góður að hjálpa nemendum að finna bækur við hæfi. Einnig eru til nokkur eintök af sömu bókum þannig að hægt er að bjóða upp á lestrarhópa þar sem hver er með sína bók. Á hverjum degi eru yndislestrartímar, í

20 mínútur, þar sem allir lesa á sama tíma. Þar taka þátt jafnt nemendur og starfsfólk. Í öllum bekkjarstofum eru lestrarhorn með púðum, mottum og/eða sófum. Einnig hefur verið unnið markvisst að því að gera umhverfið notalegra í skólanum til náms.

- Við leggjum mikla áherslu á að foreldrar/forsjáraðilar séu meðvitaðir um lestrarnám barna sinna og fái reglubundnar upplýsingar um stöðuna.
- Samstarf og upplýsingagjöf milli grunnskóla og leikskóla er mjög góð.
- Við leggjum áherslu á að allir nemendur við skólann fái lestrarnám við hæfi.
- Búum til einstaklingsnámskrár fyrir tvítyngda nemendur og notum fjölbreytta kennsluhætti. Nýtum Tungumálaver Laugalækjarskóla fyrir nemendur sem vilja læra norsku eða sænsku í staðinn fyrir dönsku. Fáum bækur í gegnum Norræna húsið fyrir tvítyngda nemendur.
- Samvinna milli aðila innan skólans er góð og lögð er rík áhersla á skimanir og einstaklingsnámskrár.
- Við notum skimanir sem grunn til að geta beitt markvissri lestrarkennslu

Það sem þarf að bæta:

- Það mætti t.d. nýta hlustun meira t.d. með lesskilningsverkefnum
- Hafa markmið og reglur sýnilegri. Merkja hluti á yngsta stigi
- Halda áfram að halda utan um lestrarnám nemenda okkar og samstarf við heimilin.
- Þurfum að breyta stafainnlögn í 1.bekk. Miða hana við getu hvers nemanda. Einhver samfella er á milli bekkjakennara innan skólans
- Við höfum ekki mikla reynslu af tvítyngdum nemendum sem hafa ekki íslensku sem móðurmál. Þurfum að styðja betur við nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku.
- Einstaklingsnámskrár fyrir hvern og einn nemanda skólans þurfum við að bæta.
- Við þurfum að halda áfram á sömu braut varðandi skimanir

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Lestur er grundvöllur alls náms. Það þarf að hvetja nemendur til lestrar og beita margvíslegum aðferðum til að viðhalda áhuga þeirra

- Hvetja til lesturs með því að bjóða upp á lestrarhvetjandi umhverfi og gott aðgengi að bókum
- Gott samstarf við heimilin
- Að samfella verði góð á milli skólastiga
- Nauðsynlegt er að styðja vel við móðurmálið þar sem það auðveldar annað tungumálanám
- Að einstaklingsmiðað nám sé haft að leiðarljósi í námi nemenda okkar
- Þetta eru allt mikilvægir þættir

Eldra stig samantekt

Sterku hliðarnar okkar:

- Byrjendalæsi, yndislestur, lestrarpróf og heildræn íslenskukennsla. Varmahlíðarskóli starfar eftir lestrarstefnu Skagafjarðar sem er afar metnaðarfull og vel unnin. Menntamálastofnun gefur einnig út lesfimiþróf sem allir árgangar þurfa að þreya þrisvar á vetri.
- Hjá okkur er nokkuð lestrarhvetjandi umhverfi og við hvetjum börnin til lestrar, t.d. með yndislestri sem spannar 1.-10.bekk. Dagskipulag og reglur eru sýnilegar á göngum og öðrum rýmum. Við búum yfir ríkum efniviði og leikjum til örvunar máls og lestrar. Á unglingastigi er yndislesturinn það sem stendur upp úr hvað þennan þátt varðar og kennarar yfirleitt sammála um að þeir lesi með nemendum og hlýði þeim yfir lesturinn annað slagið. Við höfum komið okkur upp ríkulegum gagnagrunni á yngra stigi í tengslum við Byrjendalæsi og einnig eigum nokkurt safn af orðaspilum sem hafa verið nýtt í Spilavali, svo dæmi séu tekin.
- Við leggjum áherslu á mikilvægi þátttöku og ábyrgðar for/fors í lestrarnámi á yngsta- og miðstigi en ekki á unglingastigi. Þar þurfum við að bæta okkur.
- Góð samfella milli skólastiga (ef átt er við yngsta-, mið- og unglingastig) og skólagerða (ef átt er við leik-, grunn- og framhaldsskóla). Mikið og gott samstarf milli grunn-, og leikskóla
- Almennt erum við með einstaklingsmiðað námsefni í lestri og íslensku að hluta til.
- Unnið er markvisst eftir lestrarstefnu Skagafjarðar auk þess sem lögð eru fyrir lesfimiþróf þrisvar á vetri. Við notum niðurstöður skimana til þess að koma til móts við nemendur.

Það sem þarf að bæta:

- Mætti vera meiri fjölbreytni í textavinnu.
- Við merkjum fáa hluti með orðum og setningum og leggjum litla áherslu á að nemendur læri að tákni hafi merkingu - a.m.k. á það við um unglingastig. Við teljum að skert þjónusta á bókasafni sé ekki til þess fallin að styðja við lestur; sé afturför og eigi ekki að líðast.
- Við teljum að við stöndum okkur vel. Varmahlíðarskóli er metnaðarfullur þegar kemur að lestrarkennslu og lestri.
- Við þurfum að hafa heimalestur á öllum stigum. Á unglingastigi væri æskilegt að koma á fót bókallestri sbr. þróunaráætlun.
- Við styðjum vel við nemendur sem eru með norrænt móðurmál, en styðjum ekki við nemendur sem eru með annað tungumál en norrænt að móðurmáli. Þar er pottur brotinn. Við styðjum vel við þetta með heimalestri á yngsta- og miðstigi, en lítið á unglingastigi. Þarf að gera lestarupplýsingar á eldri stigum aðgengilegri fyrir foreldra. Hvort það er gert með reglulegum könnunum og lesskilningsprófum skal ósagt látið. Við leysum málin ef eftir því er kallað en ekki farið marvisst í að útvega börnunum bækur á móðurmálinu. Við teljum sjálfsagt að bera virðingu fyrir móðurmáli nemenda með annað tungumál en íslensku en það er ekki gert á sýnilegan hátt hér í skólanum. Okkur finnst þó ekki ástæða til að gera of mikið úr þessum þætti því það gæti valdið nemendum óþægindum eða valdið því að þeir samlagist ekki sem skyldi.
- Koma þarf á fundi þar sem kennarar nemenda í 1. bekk fræða leikskólakennara um allt námsefni 1. bekkjar og öfugt. Það mætti ýta undir samstarf og samfelli milli skólastiga.
- Við megum alltaf bæta okkur við að efla og byggja á styrkleikum hvers barns.

Við erum sammála að mikilvægustu þættirnir eru:

- Mikilvægt að halda áfram á sömu braut.
- Að halda áfram að styðja við lestrarhvetjandi umhverfi og styðja við og auka þjónustu skólabókasafnsins. Við teljum að góð og persónuleg þjónusta sé lykillinn að farsælum lestrarferli.

Umbótaáætlanir skólaársins 2017-2018 - starfsfólk

gg. 1.2 Forysta í skólastarfi					
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?	Staða – Lokið-Ólokið
Miðla fróðleik á milli starfsfólks	Starfsfólk	Aldrei	Tíma á fundum	Gæðagreini	Dagsetja tvo fundi á skóladagatali
Jafningjamat á milli starfsfólks	Starfsfólk	Aldrei	Tíma og mannafla	Gæðagreinir	
Gera nemendur ábyrgari og meðvitaðri um námsstöðu sína og námsþróun.	Kennarar	Sem fyrst	Tíma og þekkingu	Gæðagreinir	Taka til umræðu á kennarafundi
Að fólk segi meira frá og miðli því sem það lærir í ferðum á vegum skólans og á námskeiðum			Að finna þessum lið stað í skipulagi funda	Með könnun á meðal starfsfólks. (Spurning í Skólapúls um ágæti fyrirkomulags)	
Rætt er reglulega um námskrá í margs konar vinnu en afar lítið er um grunnskólalög. Hver og einn getur þó flett upp eða leitað upplýsinga.			Að finna þessum lið stað í skipulagi funda	Með könnun á meðal starfsfólks. (Spurning í Skólapúls um ágæti fyrirkomulags)	
Að fjalla meira um leiðina að markinu heldur en lokatakmarkið. Þessi breyting er hafin.	Allir vinna að því marki		Að nota leiðsagnarmat meira	Með því að athuga námsárangur	Taka til umræðu á kennarafundi
Kerfisvæða og innleiða betur leiðsagnarnám	Kennarar og stjórnendur	N.k. vor	Tíma, áhuga, vilja og æfingu	Með gæðagreini	

1.3 Breytingastjórnun					
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?	Staða- Lokið – Ólokið
Móta þessa sýn	Stjórnendur	aldrei	framkvæmd	með gæðagreini	Hér þarf að skerpa sýn sjá rökstuðning. Stjórnendur finna vettvang til þess
Upplýsa nemendur betur um markmið	Kennarar	Aldrei	Mentor, samráðsdaga, sýnilegar áætlanir	Í Mentor	
Undirbúa breytingar betur	Stjórnendur Sara	Aldrei	Tíma og skipulag	Ánægt starfsfólk, farsælla skólastarf.	
Virkja skólasamfélagið til þátttöku	Starfsfólk skólans	Aldrei	Vilja og tíma	Bætt skólastarf	

gg. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun					
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?	Staða – Lokið – Ólokið
Skipuleggja og koma á framfæri þeim upplýsingum er varða skólastarfið (skólareglur) í daglegu starfi.	Allir	Aldrei ... alltaf í vinnslu :)	Vilja og samstarf ... og spark í rassinn!	Þegar starfsfólk stendur ekki á gati og veit ekki hvað er að gerast ...!	
Klára skólanámskrá	Starfsfólk	2019	Tíma/starfsmannafundi	Tilbúin skólanámskrá	Almennum hluta lokið.
Verklagsáætlun þegar tekið er á móti nýju starfsfólki	Starfsfólk - fulltrúa úr hverjum hópi	2020	Tíma/starfsmannafundi	Gæðagreindir	

gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni					
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?	Staða – Lokið - Ólokið
Betra gagnsæi varðandi fjármuni og fjárfestingar skólans.	Skólastjórnandi.	Aldrei.	Kynningu á fjármálum skólans fyrir starfsfólk.	Eftir kynningu með umræðum.	
Þarf meiri eftirfylgni hjá stjórnendum varðandi einstök mál, t.d. punktakerfið.	Stjórnendur.	Aldrei.	Tíma, fundir, jákvæðni, samstarfsvilja og framkvæmd.	Með starfsmannafundum og umræðum.	
Bæta hálkuvarnir á lóð skólans.	Húsvörður í samráði við skólastjórnendur.	Stöðugt eftirlit.	Fjármagn og framkvæmd.		
Fjölga brunaæfingum og kenna öllum betur hvernig skuli bregðast við ef bjallan fer í gang.	Skólastjórnendur og öryggistrúnaðarmenn.	Stöðugt eftirlit.	Betri fræðslu og eftirlit með æfingum.		
Bæta lýsingu í kringum allan skólann. Setja mætti lýsingu á skólann allan hringinn.	Eignarsjóður og skólastjórnendur.	Sem fyrst.	Skipulag og fjármagn.		
Auka þarf hita á sparkvelli og fjarlægja gúmmíkurl.	Eignarsjóður og Ungmennafélagið Smári.	Sem fyrst.	Framkvæmd.		
Skipta fjármagni á sanngjarnari hátt, t.d. bæta skiptiaðstöðu og kaffiaðstöðu aðstöðu skólaliða og starfsmanna eldhúss. Koma á sameiginlegri kaffiaðstöðu alls starfsfólks.					

gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat					
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?	Staða – Lokið - Ólokið
Gæta betur að umbótum og breytingar verði framkvæmdar.	Skólastýrur.	Aldrei.	Vilja sveitastjórnar.	Gæðagreinir.	Þarfnast frekari útskýringa
Efla fagmennsku meðal starfsfólks.	Allt starfsfólk.	Aldrei.	Vilja, jákvæðni, grasrótarmenningu sem vill efla fagmennsku.	Gæðagreinar lagðir fyrir starfsfólk og nemendur.	Meiri sýnileiki varðandi innra mats ferlið, mat umbætur og þ.h.
Auka ígrundun og ábyrgð starfsfólks.	Allt starfsfólk.	Aldrei.	Sjálfstæði og vilja. Kynna betur niðurstöður sjálfsmatsins og það sem fæst með því.	Með þessum gæðagreini.	
Miðla þekkingu okkar á milli með t.d. jafningjafræðslu.	Þeir sem hafa einhverju til að miðla (allir).	Aldrei.	Vilja og tíma. Hægt að gera könnun á áhuga hvers og eins fyrir því að miðla og fá fræðslu.	Með þessum gæðagreini.	Komið áður, dagsetja tvo fundi til vors.
Halda starfsmannafund og kynna niðurstöður.	Sjálfsmatsteymi.	Sama haust.	Tíma.	Með umræðum.	Dagsettur fundur þriðjudaginn 13. feb., farið yfir mat nem. og starfsfólks frá 16. og 18. jan.
Hvetja mætti fólk til meiri umræðna og ígrundunar. Þeir sem kynna sér eitthvað, fara í heimsóknir, mættu gjarnan segja frá því og breiða út það sem þeir hafa séð þar. Tími er stundum af skorum skammti til þess.	Þeir sem skipuleggja vinnutíma.	Aldrei, en þó sem fyrst á dagskrá.	Afmarkaðan tíma.	Með sjáanlegum árangri af umræðunni.	

Lestarstefna yngra stig				
Markmið: Halda áfram að nýta skimanir við lestrarkennslu. Að allir nemendur geti lesið sér til gagns og ánægju. Að efla lestrarnám nemenda				
Hvernig vitum við að því er náð?: Með reglulegum lestrarkönnunum. Með fjölbreyttum kennsluáðferðum í lestri og að mæta þörfum hvers og eins. Sjá til þess að námsumhverfið sé lestrarhvetjandi. Með Lesfímkönnun.				
	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Leggja reglulega fyrir skimanir og lestrarkannanir	Umsjónarkennarar	Alltaf í gangi	Skimanir og lestrarpróf	Með niðurstöðum kannana
Skapa námsumhverfi sem hefur lestrarhvetjandi áhrif.	Umsjónarkennarar og starfsfólk skólans.	Alltaf í gangi	Fjölbreytt og sýnilegt lesefni.	Með lestrarskimunum.
Beita fjölbreyttum kennsluáðferðum við lestrarkennslu.	Umsjónarkennarar	Alltaf í gangi	Áhuga og fagþekkingu.	Sýnilegur lestaráhugi nemenda.
Einstaklingsnámskrár fyrir hvern og einn nemanda skólans.	Bekkjarkennari	Aldrei	Tíma á stundatöflu, skipulag, vilja og jákvæðni.	Með Lesfímkönnun
Miða stafainnlögn í 1.bekk. við getu hvers nemanda. Notað niðurstöður úr Hljóm prófi og taka stöðumat með hverjum nemanda sem kemur í 1.bekk	Umsjónarkennara	Aldrei	Skipulag, tíma og vilja og áhuga.	Með Lesfímkönnun og áhuga og námsgleði nemenda.
Auka samstarf á milli skólagæða.	Allir	Aldrei	Skipulag, tíma, vilja og jákvæðni til samstarfs.	Með gæðagreini.
Hafa markmið og reglur sýnilegri.	Allir starfsmenn.	Þarf að uppfæra reglulega.	Að starfsmenn og nemendur séu meðvitaðir um hvaða markmið verið er að vinna með.	Sjáum fleiri markmið og reglur á veggjum skólans.
Merkja hluti fyrir yngsta stig og tvítyngda nemendur.	Þeir sem koma að yngsta stigi og tvítyngdum nemendum.	Þarf að uppfæra reglulega.	Að starfsfólks sé meðvitað um mikilvægi þess.	Sjáum fleiri merkingar.
Styðja við nemendur með annað tungumál en íslensku	Umsjónarmaður stoðkennslu	Aldrei.	Aukinn stuðningur.	Með gæðagreini.

Lestarstefna eldra stig Markmið: Halda áfram að efla læsi. Að hjarta skólans (bókasafnið) fái að slá í eðlilegum takti við sálarlíf nemenda Hvernig vitum við að því er náð? Með skimunum. Þegar nemendur verða duglegir og áhugasamir lesarar sem sækja í persónulega þjónustu á bókasafni og starfsmaður er í fullu starfi við að þjónusta nemendur og starfsfólk.				
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Leggja áherslu á lestur og fjölbreytta kennslu.	Allir sem koma að kennslu og stuðningi.	Aldrei.	Hvatningu, metnað og vilja.	Með skimunum og símati.
Koma þarf á fundi milli kennara 1.bekkjar í Vhls og kennara skólahóps í leikskóla þar sem þeir upplýsa hvorn annan um námskrá, kennslu, námsefni osfr. í hvorum hópnum.	Deildarstjóri sérkennslu og leikskólastjóri	Nóvember 2018		Með samtölum við kennara og hlutaðeigendur
LESTUR: Festa ætti 20 mínútna yndislestur á dag á fastan tíma, óháð námsgreinum. Þessi lestrartími þarf að vera betur nýttur en var í vetur 2017-2018. Ef það gengur ekki upp, þá dreifa yndislestri yfir allan daginn, ekki einungis fyrir hádegi	Stjórnendur og kennarar	Hefja	Breytingu á stundaskrá	Með lestrarkönnunum
Skyldulestur: Lestur íslenskra bókmennta verði skyldugur á unglingastigi, lágmark tvær bækur á vetri. Nemendur velji af bókalista, skili bókaskýrslu í mismunandi formi.	Kennarar og bókasafnsstjóri	Aldrei	Breytingu á námskrá og samstarf milli kennara, útbúa bókalista	Með lestrarkönnunum og mati
Hafa starfsmann til staðar alla daga vikunnar.	Hlutaðeigandi.	1.sept. 2018	Vilja og fjármagn.	Þegar þjónustan hefur verið aukin er markmiðinu náð.
Auka aðgengi nemenda með annað tungumál en norrænt að móðurmálskennslu.	Sérkennari í samráði við umsjónarkennara.	1.des. 2018	Vilja og námsefni við hæfi, á hvaða formi sem það er.	Þegar úr þessu verður bætt.

Innra mat á skólastarfi - nemendur

Mat á gæðagreinini 2.1 Námsreynsla nemenda 3.-4. bekkur

Vinnulag:

Gæðagreinirinn var metinn af fjórum, fimm manna hópum nemenda í 3. og 4. bekk. Fulltrúar úr stjórn nemendafélagsins voru ritarar í hverjum hópi. Hver hópur fékk 4-6 atriði úr gæðagreininum til mats og umbóta. Þannig náðu hóparnir fjórir að meta samtals alla þætti gæðagreinisins.

Heildaeinkunnargjöf 4-5

Sterku hliðar

- Starfsmenn hlusta á nemendur og veita aðstoð.
- Útinám er fjölbreytt og skemmtilegt.
- Nægur tími og aðstoð við heimanám.
- Það er gaman að lesa.
- Skemmtilegt í frímínútum og frelsi.
- Samskipti nemenda góð, alltaf hægt að tala við einhvern.
- Vel tekið á eineltismálum.
- Skólinn skipuleggur fjölbreytt ferðalög.
- Skólabúnaður og aðstaða er góð, sjúkrapjónusta er fín.
- Nemendur finna fyrir öryggi í skólarútunni.
- Frábær matur í mötuneyti.

Veikar hliðar

- Nemendur ekki nógu kurteisir og upp koma vandamál í útivist.
- Leiðinlegt að lesa heima.
- Skólaferðalög mættu vera fjölbreyttari.
- Kennarar gera ekki gagn í eineltismálum.
- Skólaliðar þurfa að fylgjast betur með krökkum í frímínútum.
- Stundum þröngt í skólabílum.
- Þarf að laga ofna sem leka.

Mat á gæðagreini 2.1 Námsreynsla nemenda 5.-7. bekkur

Vinnulag: Gæðagreinin var metinn af sex, fimm manna hópum nemenda í 5. -7.b. bekk. (Ath gögn vistuðu ekki rétt, verið að nota google drive í fyrsta skipti).

Heildareinkunn 4-5

Sterkar hliðar

- Nemendur bera virðingu fyrir kennurum og öðrum nemendum.
- Samskipti í skólanum eru góð milli starfsfólks og nemenda.
- Náms- og starfsráðgjöf er hjálpleg fyrir nemendur og þeir fá aðstoð sem þurfa.
- Nemendur fá góða kennslu.
- Útinám er skemmtilegt og mætti vera meira.
- Hollur og nægur matur í mötuneyti.
- Heimanám er lítið.

Veikir þættir

- Nemendur og kennarar þurfa að hlusta á hvort annað.
- Auka samskipti nemenda án snjalltækja.
- Útinám er of lítið.
- Mætti bjóða upp á brauð þegar er slátur í matinn.
- Nemendur ættu allir að vera í beltum í skólabílnum.
- Samstarf mætti vera meira milli bekkja.
- Heimanám of mikið.
- Þyrftu að vera fleiri skólaferðir.
- Tölvur mættu vera stærri.
- Yngri nemendur koma of snemma í morgunmat.
- Samskipti bekkja mættu vera betri og vinalíðar vera oftár með leiki.
- Það þarf að laga bilaða ofna.

Mat á gæðagreini 2.1 Námsreynsla nemenda 8.-10. bekkur

Gæðagreinirinn var metinn af u.þ.b. átta, fimm manna hópum nemenda í 8. -10. bekk.

Heildarmat 4-5

Sterkir þættir

- Samskipti nemenda eru góð.
- Kennarar og nemendur eru góðir vinir
- Mættu vera meiri samskipti milli bekkja.
- Allir fá þá aðstoð sem þeir þurfa.
- Námsráðgjafinn og starfsfólk fínt.
- Íþróttir eru vel heppnaðar en mættu vera meiri.
- Námið er fjölbreytt.
- Heimanám hæfilegt.
- Skólinn býður upp á fjölbreytt skólaferðalög.
- Gaman að fara til Danmerkur í 10. bekk.
- Frelsi er í frímínútum.
- Félagslífið er skemmtilegt.
- Fleiri nemendur mættu koma að skipulagningu þess.
- Skólaaðstaða er góð og húsgögn viðunandi.
- Maturinn er góður.
- Fríin eru löng.
- Bara góður skóli og hann er þannig að manni þykir vænt um hann.
- Það er hart tekið á eineltismálum.

Veikir þættir

- Nemendur hlusta ekki á kennara.
- Yngri nemendur þurfa að sýna meiri virðingu.
- Kennarar nota mis fjölbreytilegar aðferðir.
- Útinám er of lítið.
- Of mikið heimanám.

- Laga kyndingu.
- Nemendur þurfa að spenna sig í bílunum.
- Meira útinám og íþróttir.
- Mætti vera meiri félagsmál.
- Skólaferðalög mættu vera fjölbreyttari.
- Tölvubúnaður skólans ekki góður.
- Mætti vera oftar bekkjarfundir.
- Kennarar mættu vera duglegri að miðla upplýsingum.
- Kennarar mættu vera fljótari að fara yfir verkefni.
- Mætti vera lengri tími í morgunmat.

Umbótaáætlanir skólaársins 2017-2018 – nemendur

3.-4. bekkur

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Hópur 1				
Krakkarnir eiga að vera kurteisari	Krakkarnir og Sara	Aldrei	Ekki segja ljót orð Vera góð Vera vinir	
Hópur 2				
Stundum koma upp smá vandamál í útivist	Krakkarnir og skólaliðarnir	Sem fyrst	Leysa vandamál milli strákanna og stelpnanna	
Læra nýja leiki í íþróttum	Lína	Sem fyrst	Krakkarnir komi með hugmyndir til Línu	
Hópur 3				
Að láta kennarana hjálpa krökkunum aðeins meira	Skólastjórinn	Bara eins fljótt og hægt er	Að láta skólastjórann tala við kennarana	
Þeim finnst að þau ættu að fá að vinna aðeins meira saman í tímum	Kennarinn	Bara eins fljótt og hægt er	Að láta skólastjórann tala við kennarana	
Hópur 4				
Skólaliðar þurfa að fylgjast betur með krökkum í frímínútum.	Skólaliðar	Sem fyrst	Skóla fylgjast betur með	
Ofnar leka/virka ekki	Guðmundur húsvörður	Sem fyrst	Laga þá	
Stundum er plássleysi og þá er brotið reglur með að troða í bílinn	Skólastjóri	Sem fyrst	Stærri bíl	
Þarf að bæta meiri fróðleik um aðrar þjóðir	Kennari/skólastjóri	Fyrir næstu önn	Hafa meiri fróðleik um lönd. Meiri landafræði	

5.-7. bekkur

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Hópur 1				
Bæta samstarf á milli eldra og yngra stigs	Starfsfólk og krakkar skólanna	Eftir hálfan mánuð	Leyfa bekkjum að hittast meira	Með því að leyfa þeim að hittast meira.
Hópur 2				
Úti kennslur.	Kennara og skólastjóri	Fyrir næsta sumar	Að ræða við starfsfólk skólans	Hafa gaman og læra af því sem er sýnt okkur úti
Samskipti milli kennara og nemenda	Kennarar og nemendur	Helst á morgun eða hinn/ í næstu viku	Ræða við skólastjóra og kennara	Við hlustum hvert á annað og lærum af því
Hópur 5				
Samskipti milli bekkja.	1. – 10. bekkur	Þegar skólaárinu er lokið	Halda sameiginlega bekkjarfundi	Með því að allir þekkjast meir og kunna nöfnin á öllum
Rúturnar	Kennarar Og rútumenn	Strax	Allir að hjálpast að	
Hópur 6				
Það þarf að hafa hjúkkuna á fleiri dögum	Stjórnendur og hsn	Sem fyrst	Það þarf að tala við hjúkkuna	Athuga að hjúkkan sé komin

8.-10. bekkur

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Hópur 1				
Kynding ekki nógu góð.	Pípari	Sem allra allra fyrst	Nýja ofna	
Of mikið heimanám hjá 9. bekk	Skólastjórinn, kennarar.	Í næstu viku	Betra skipulag	
Leggja meiri áherslu á að krakkar spennni sig.	Skólabílstjórnir	Í næstu viku	Belti	
Kennarar noti mismunandi fjölbreytilegar aðferðir	Kennarar	Fyrir næstu önn	Fjölbreyttari leika	
Hópur 2				
Hafa meiri útitíma	Bara einhver	Bara sem fyrst	Skólastjórinn verður bara að taka sér tak	Tala um það á bekkjarfundi
Sleppa því að taka íþróttir af okkur við sérstök tilefni eins og núna	Bara einhver	Sem fyrst	Skipuleggja þetta fyrir	Tala um það á bekkjarfundi
Fá lengri fyrirvara fyrir heimanámið	Bara einhver	Sem fyrst	Að kennararnir skipuleggi það sem við gerum betur	Tala við kennara eða á bekkjarfundi
Hópur 3				
Kaupa almennilegar tölvur	Sveitarfélagið	Sem fyrst	Pening	Ef að það eru komnar góðar tölvur hefur markmiðið náðst
Hætta að eyða peningum í ónáuðsynilega hluti	Hanna Dóra og Lára	Strax	Meðvitund	Ef ekki eru keyptir ónáuðsynlegir hefur markmiðið náðst
Félagsmál mættu vera oftar	Nemendaráðið	Sem fyrst	Meiri tíma og að hafa þau oftar og hafa þau skemmtilegri	Þegar nemendur verða ánægðari og félagslífið orðið betra í skólanum

Það mætti betur skipuleggja skólaferðalög og spyrja nemendur hvert þeir vilja fara	Umsjónarkennarar	Sem fyrst	Bara að gera það	Í gleði nemenda um skólaferðalög
Það ætti að minnka heimanám	Kennararnir	Sem fyrst	Framkvæmd	Þangað til nemendur vera glaðir og ná að komast yfir heimanámið
Hópur 4				
Gefa okkur fleiri féló	Nemendaráðið	Sem fyrst	Hætta við að hætta við féló	?
Við fáum yfir höfuð ekkert að læra úti yfir árið nema örsjaldan í íþróttir	Kennararnir	Eftir vetur	Kennarana	Með því að fylgjast með nemendum
Við fáum ekki fjölbreytt skólaferðalög. T.d bekkurinn hans Indriða fór 4 sinnum í röð í sömu ferðina!!	Umsjónakennarar og skólastjóri	Sem fyrst	Aðeins meiri pening	Með því að spyrja nemendur hvort þeim fannst ferðalagið skemmtilegt og fjölbreytt
T.d chrome books eru sorp! Ipad-arnir eru ágætir samt þínu tregir. Hjúkkan er bara einu sinni í viku. Maður þarf að vera heppin til að meiða sig á þriðjudögum. Kerfisveitan er alltaf í rugli.	Skólinn	Það á helst að vera búið að laga það nú þegar	Aðeins meiri pening og jákvæða hugsun.	Með því að spyrja nemendur hvort þeim finnst það betra núna en það var
Hópur 5				
Heimanám má vera minna og meiri tími.	Kennarar.	Helst strax	Læra meira í tímum	Maður hefur meiri tíma til að gera eitthvað annað en læra heima.
Stjórnendur skólans mega hlusta meira á nemendur skólans	Kennararnir	Sem fyrst	Biðja stjórnendur skólans vinsamlegast um að hlusta á það sem nemendur hafa að segja.	Þegar þau fara að hlusta og framkvæma.

Sjúkraþjónusta skólans	Skólahjúkkan	Sem fyrst	Að skólahjúkkan komi oftar í skólan.	Þannig að maður megi meiða sig á öðrum dögum en þriðjudögum.
Skólarútan	Rútu-stjórnendur	Sem fyrst	Að nemendur fari að finna traust í því að vera í skólabílnum.	Að nemendur finni traust í því að fara í rúttunni heim.
Hópur 6				
Nemendur þurfa að hlusta betur á kennara og hætta að væla.	Ákveðnir nemendur	Sem fyrst	Nemendur þurfa að sýna kennurum meiri virðingu.	Sjá þegar þau hætta að væla í kennarann
Í sumum fögum er námið ekki fjölbreytt og við viljum láta laga það.	Ákveðnir kennarar.	Sem fyrst	Kennarinn þarf að gera námið skemmtilegra.	Sjá þegar kennarinn breytir náminu.
Vantar meira af útivist í eldri bekkjunum.	Kennarar og skólaliðar	Sem fyrst	Kennararnir þurfa að gefa auka tíma í útivist	Þegar við fáum að fara út
Skólinn þarf að skaffa betri kyndingu og glugga.	Skólinn	Sem fyrst	Skóli þarf að fara í KS og kaupa ofna og rúður.	Þegar það eru komnir nýir ofnar og gluggar
Hópur 7				
Kennari þarf að miðla upplýsingum	Kennari	Eftir að hann les þetta	Kennari þarf að hugsa sinn gang	9. bekkur
Heimanám er of mikið og óskipulagt	Kennararnir	Vorönn 2018	Kennarar þurfa að bera sig saman og halda heimanám í lágmark8	Nemendurnir í næsta gæðagreiðu
Það eru of fáir samfélagsfræðitímar	Menntamálaráðherra	Vorönn 2019	Það þarf að breyta námsskránni	Nemendur í skólum landsins
Það er alltaf kalt eða heitt	Gummi hús og Hanna Dóra	Sem fyrst	Það þarf að hætta að eyða peningum í óþarfa og laga það sem er nauðsynlegt = kynding	Allir í skólanum

Hópur 8				
Yngri nemendur þurfa að sýna meiri virðingu	Kennari	Tvær vikur	Óska eftir þessu sem umræðuefni á bekkjarfundum	Eldri nemendur
Bera meiri virðingu þegar Magga er ekki í lúgunni	Flestir kennara	Sem fyrst	Að kennara skilji að nemendur taka ekki viljandi af þeim frímínútum	Bæði nemendur og kennarar
Fáum ekki alltaf sveigjanlegra námsaðferðir	Kennarar og að nemendur óski eftir því	Á næstu dögum	Að kennara hlusti meira á okkar aðferðir	Nemendur
Förum rosa sjaldan út í tímum	Kennarar	Á næstu dögum	Að kennarar gefa leyfi til að fara út og fleiri úti tímar	Nemendur og kennara

Skólapúlsinn

Á skólaárinu voru nemendakönnun og foreldrakönnun lagðar fyrir með vefkerfi Skólapúlsins, fjórða árið í röð. Ákveðið var að framvegis verði foreldra- og starfsmannakönnun lagðar fyrir annað hvert ár. Því var starfsmannakönnun ekki lögð fyrir á skólaárinu. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins.

Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Viðmiðunarreglan er sú að meðaltalsmunur upp á 0,5 stig á staðalníukvarða telst *ekki mikill munur*, munur upp á 1,0 stig telst *töluverður munur* og munur upp á 1,5 stig telst *mikill munur*. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Í sumum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn foreldrakönnunar árið 2012-2013 og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf foreldra í grunnskólum skólaárið 2012-2013. Viðmið nemendakönnunar voru uppfærð í upphafi skólaárs 2015 og því merkir talan 5 dæmigerðan nemenda skólaársins 2014-2015.

Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn tilgreindur og viðkomandi matsþáttur merktur með stjörnu og bláum lit. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu. Ef mælingin er ekki marktækt frábrugðin niðurstöðu annarra skóla er munurinn ekki birtur. Lágmarkssvarhlutfall í könnunum Skólapúlsins er 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf þátttakenda. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar. Á vef Skólapúlsins má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins sjá [hér](#).

Árleg skimun var lögð fyrir starfsfólks skólans í lok skólaársins. Skimunin er ný og uppfærð og byggir á gæðaviðmiðum um skólastarf úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg., ásamt gæðaviðmiðum sem starfsfólk hefur búið til.

Skólapúlsinn foreldrar

Viðmiðunarhópur foreldrakönnunar Skólapúlsins samanstóð af meðaltali foreldra úr þeim skólum á landsvísi sem tóku þátt í könnuninni. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu. Svarhlutfall í foreldrakönnuninni í Varmahlíðarskóla var 92,3% eða samtals 72 foreldrar/forsjáraðilar. Foreldrakönnuninni er skipt upp í fimm efnisflokka þeir eru *nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur*. Hver efnisflokkur samanstendur svo af mismörgum matsþáttum en í heild eru þeir 40 talsins.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Nám og kennsla				
Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,2	69	5,0	0,2
Ánægja foreldra með stjórnun skólans (%)	89,7%	61/68	89,9%	-0,2%
Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra (%)	91,2%	62/68	83,9%	7,3%
Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra (%)	77,6%	52/67	72,0%	5,6%

Í flokknum *nám og kennsla* mælist þátturinn *ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum* yfir landsmeðaltali en hefur þó farið örlítið niður á við miðað við niðurstöður frá síðasta skólaári. *Ánægja foreldra með stjórnun skólans* mælist við landsmeðaltal. *Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra* mælist 7,3% yfir landsmeðaltali. *Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra* mælist yfir landsmeðaltali en hefur farið örlítið niður á við í samanburði við niðurstöður skólans frá í síðustu foreldrakönnun.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands- meðaltal	Mismunur
Velferð nemenda				
Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	5,2	69	4,8	0,4*
Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda (%)	93,8%	60/64	87,1%	6,7%
Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt (%)	95,7%	67/70	91,7%	4,0%
Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt (%)	95,7%	67/70	91,4%	4,3%
Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt (%)	95,7%	66/69	89,9%	5,8%
Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra (%)	7,2%	5/69	9,4%	-2,2%
Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum (%)	88,9%	8/9	53,4%	35,5%*
Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum (%)	55,6%	5/9	52,4%	3,2%
Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans (%)	79,6%	39/49	74,0%	5,6%
Meðaltímabil eineltis (ár)	1,8	9	1,4	0,4
Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	9	-	-

Í flokknum *velferð nemenda* mælast tveir þættir marktækt hærri en í viðmiðunarskólunum. Þetta eru þættirnir *ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur* og *ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum*. Niðurstöður mælinga á fyrri þættinum standa í stað á milli ára en varðandi *ánægju foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum* þá má til samanburðar benda á að mælingar síðustu tveggja ára í þessum þætti hafa farið úr 61,2% í 88,9%. Í þremur þáttum til viðbótar mælist ánægja foreldra hærri en í viðmiðunarskólunum en marktækur munur mælist ekki. Þetta eru þættirnir *ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda*, *ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum* og *ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans*. Þrír þættir í könnuninni mæla *líðan nemenda að mati foreldra*. Þeir mælast allir yfir landsmeðaltali en 95,7% foreldra segja að börnum þeirra líði *ýmist mjög vel* eða *frekar vel* í *skólanum almennt*, í *kennslustundum* eða í *frímínútum*. Niðurstöður varðandi *líðan nemenda* mælast nokkuð stöðugar á milli skólaára innan skólans. Fimm foreldrar/forsjáraðilar segja að börn þeirra hafi orðið fyrir einelti á yfirstandandi skólaári.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands-meðaltal	Mismunur
Aðstaða og þjónusta				
Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,5	69	5,2	0,3
Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu	5,2	34	4,9	0,3
Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili (%)	50,7%	35/69	58,9%	-8,2%*
Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu	-	30	-	-
Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti (%)	88,6%	62/70	73,3%	15,3%*
Notkun á mötuneyti (%)	100,0%	71	88,9%	11,1%*

Í flokknum *aðstaða og þjónusta* kemur fram í svörum foreldra að þeir eru marktækt ánægðari með *máltíðir í mötuneyti* og jafnframt nýta marktækt fleiri nemendur þjónustu þess en í viðmiðunarskólunum. Marktækt færri nemendur nýta *tómstundaþjónustu/frístundaheimili* sem í boði er miðað við nemendur í viðmiðunarskólunum. *Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum* og *ánægja þeirra með tómstundaþjónustu* mælist örlítið hærri en í viðmiðunarskólunum.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Lands-meðaltal	Mismunur
Foreldrasamstarf				
Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,0	69	5,0	0,0
Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur (%)	56,5%	35/62	58,6%	-2,1%
Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	61,7%	37/60	61,5%	0,2%
Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	39	-	-
Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	36	-	-
Ánægja með síðasta foreldraviðtal (%)	95,7%	66/69	93,7%	2,0%
Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	69	-	-
Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemanda (%)	40,9%	27/66	55,0%	-14,1%*
Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra (%)	79,0%	49/62	85,2%	-6,2%
Ánægja foreldra með heimasíðu skólans (%)	80,9%	55/68	78,9%	2,0%
Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	70,0%	49/70	71,6%	-1,6%

Í flokknum *foreldrasamstarf* segja foreldrar/forsjáraðilar í Varmahlíðarskóla að *þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum* sé minni en í viðmiðunarskólunum, munurinn mælist marktækur. *Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi* að mati foreldra/forsjáraðila mælist nú við landsmeðaltal en sá þáttur stendur í stað í mælingum á

milli skólaára. Örlítið færri foreldrar telja að þeir hafi áhrif á ákvarðanir sem teknar eru í skólanum varðandi nemendur miðað við viðmiðunarskólana en aðeins fleiri vitna um að leitað sé eftir tillögum frá þeim og að ábendingar frá þeim séu teknar til greina. Ánægja foreldra með síðasta foreldraviðtal mælist yfir landsmeðaltali en munurinn er ekki marktækur. Niðurstöður gefa til kynna að um 79% foreldra/forsjáraðila telji það mjög eða frekar mikilvægt að gera námsáætlun með barni sínu. Foreldrar skólans virðast nú betur upplýstir um stefnu skólans og námskrá miðað við árin á undan en sá þáttur mælist nú örlítið undir landsmeðaltali. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans mælist örlítið yfir landsmeðaltali.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Heimastuðningur				
Virkni foreldra í námi barna sinna	4,5	69	5,0	-0,5*
Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	4,6	68	4,7	-0,1
Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,2	68	4,5	-0,3
Hæfileg heimavinna að mati foreldra (%)	85,3%	58/68	73,4%	11,9%*
Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám, +15 mín (%)	44,8%	30/67	54,7%	-9,9 %*
Væntingar foreldra um háskólanám	59,3%	35/59	73,6%	-14,3%*
Væntingar foreldra um iðnám	18,6%	11/59	12,2%	6,4%

Foreldrar/forsjáraðilar í Varmahlíðarskóla telja sig marktækt vera minna virkir í námi barna sinna fjórða árið í röð. Marktækt fleiri foreldrar/forsjáraðilar meta heimavinnu hæfilega miðað við landsmeðaltalið en foreldrar verja marktækt styttri tíma til að aðstoða börn sín við heimanám skv. könnuninni. Marktækt færri foreldrar/forsjáraðilar telja að barn þeirra muni ljúka háskólanámi. Hins vegar telja fleiri foreldrar/forsjáraðilar að barn þeirra muni ljúka iðnámi miðað við viðmiðunarskólana en marktækur munur mælist þar ekki. Þættirnir trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið og vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu mælast örlítið lægri en í viðmiðunarskólunum.

Skólapúlsinn nemendur**Skólapúlsinn nemendakönnun í okt. 2017**

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í 111 grunnskólum í landinu fyrir nemendur í 6. – 10. bekk. Í Varmahlíðarskóla var könnunin lögð fyrir alla nemendur í 6.-10. bekk í október. Nemendakönnunin skiptist í þrjá lykilþætti, þeir eru: *virgni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi*. Í úrtaki voru 61 nemandi en 58 nemendur svöruðu könnuninni og svarhlutfall var 95,1%. Kynjahlutfall í Varmahlíðarskóla var eftirfarandi: strákar 53,4% og stúlkur 46,6%. Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingar um stöðu nemenda í skólanum miðað við stöðu nemenda í öðrum skólum á landinu. Viðmiðunartalan 5 merkir dæmigerðan nemanda á skólaárinu 2014-2015. Viðmiðunarreglan er sú að 0,5 stig telst lítill munur, 1,0 stig telst töluverður munur og 1,5 stig telst mikill munur. Hér má sjá yfirlit yfir stöðu matsþátta og almenna umfjöllun um hvern efnisflokk.

	Niður- staða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Virgni nemenda í skólanum				
Ánægja af lestri	5,0	58	4,9	0,1
Þrautseigja í námi	4,9	58	5,1	-0,2
Áhugi á stærðfræði	5,0	58	5,3	-0,3
Ánægja af náttúrufræði	4,7	58	5,0	-0,3
Trú á eigin vinnubrögðum í námi	4,4	58	5,1	-0,7*
Trú á eigin námsgetu	4,3	58	4,9	-0,6*

Heildarniðurstöður í flokknum *virgni nemenda í skólanum* gefa til kynna að Varmahlíðarskóli er á réttri leið því allir þættir gefa betri niðurstöðu miðað við niðurstöður skólans frá fyrra ári. Tveir þættir mælast marktækt undir landsmeðaltali. Þetta eru þættirnir *trú á eigin vinnubrögðum í námi* annars vegar og *trú á eigin námsgetu* hins vegar. Báðir þættirnir koma þó betur út miðað við niðurstöður frá fyrra skólaári. Þrír þættir mælast örlítið lægri en í viðmiðunarskólunum þ.e. *þrautseigja í námi*, *áhugi á stærðfræði* og *ánægja af náttúrufræði* en þeir koma allir betur út í ár miðað við þróunina innan skólans á milli ára. Ánægja af lestri mælist nú örlítið hærri en landsmeðaltal en mældist örlítið undir því í fyrra.

	Niður- staða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Líðan og heilsa				
Sjálfsálit	4,9	58	5,0	-0,1
Stjórn á eigin lífi	4,9	58	4,8	0,1
Vellíðan	4,9	58	4,9	0,0
Einelti	5,0	58	5,2	-0,2
Tíðni eineltis (%)	6,9%	4/58	12,9%	-6,0%
Tíðni hreyfingar – 2 í viku eða oftar (%)	48,3%	28/58	42,3%	6,0%
Hollt mataræði	4,5	58	4,8	-0,3

Í flokknum *líðan og heilsa* mælast engir þættir marktækt undir eða yfir landsmeðaltali í ár. Flestir þættir í þessum flokki mælast með betri niðurstöður en í fyrra. Þátturinn *sjálfsálit* mælist örlítið lægri en viðmiðunarskólarnir en hefur farið upp á við innan skólans frá í fyrra. Þátturinn *stjórn á eigin lífi* gefur einnig betri niðurstöðu og mælist nú örlítið yfir landsmeðaltali. Þátturinn *vellíðan* er við landsmeðaltal en var örlítið undir því á fyrra skólaári. Nemendur Varmahlíðarskóla hreyfa sig meira en jafnaldrar á landsvísu og er munurinn þar um 6,8%.

Einelti mælist læg undir landsmeðaltali en munurinn er ekki marktækur. *Tíðni eineltis* mælist 6,9% sem er 6% lægra en landsmeðaltalið. Fjórir nemendur í 6. – 10. bekk segjast hafa orðið fyrir einelti skv. Skólapúlsinum þar af þrír einu sinni á sl. 30 dögum. Skilgreining á einelti skv. Skólapúlsinum samræmist hins vegar ekki skilgreiningu á einelti skv. eineltisáætlun Olweusar sem skólinn starfar eftir. Í Skólapúlsinum getur nemandi svarað því til að hann hafi orðið einu sinni fyrir einelti á 30 daga tímabili, og flokkast það sem einelti í könnun Skólapúlsins. Í Olweusaráætluninni er einelti hins vegar ekki skilgreint sem slíkt nema nemandi hafi orðið fyrir því tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar. Samkvæmt Olweusaráætluninni væri skilgreining á niðurstöðu Skólapúlsins því sú að einn nemandi hafi verið lagður í einelti.

Mælingar varðandi hollt mataræði og neysluvenjur nemenda standa í stað frá fyrra ári en þar mælast nemendur Varmahlíðarskóla aðeins undir landsmeðaltali.

	Niður- staða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Skóla- og bekkjarandi				
Samsömun við nemendahóp	5,3	58	5,0	0,3
Samband nemenda við kennara	5,3	58	5,1	0,2
Agi í tímum	5,8	58	5,1	0,7*
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,0	58	5,2	-0,2
Mikilvægi heimavinnu í náminu	4,2	56	4,8	-0,6*

Í floknum *skóla- og bekkjarandi* mælast tveir þættir yfir landsmeðaltali þ.e. *samsömun við nemendahópinn* og *samband nemenda við kennara*. Báðir þessir þættir mældust undir landsmeðaltali í fyrra. Marktækur munur mælist í þættinum *agi í tímum* í þriðja sinn. Nemendur í Varmahlíðarskóla vitna því hér um að góður agi sé og hafi ríkt í skólanum sl. þrjú skólaár. Þátturinn *virk þátttaka nemenda í tímum* mælist nú örlítið lægri miðað við landsmeðaltal og hefur einnig dregið úr þeirri virkni miðað við niðurstöður skólans á milli ára. Viðhorf nemenda til *mikilvægi heimavinnu í náminu* mælist marktækt lægra hjá nemendum í Varmahlíðarskóla miðað við viðmiðunarskólana.

Árleg skimun starfsfólks – niðurstöður

Árleg skimun starfsfólks í Varmahlíðarskóla, maí 2018	1 Ófullnægjandi	2 Slakt	3 Fullnægjandi	4 Gott	5 Mjög gott	6 Framúrskarandi	Svörun	Meðaleinkunn	% með eink. 4-6 2018
2. Er umbótamiðað sjálfsmat óaðskiljanlegur hluti af skólastarfinu?	0	1	4	12	6	0	23	4,00	78%
3. Á hvaða hátt hefur sjálfsmatið haft áhrif á velgengi og árangur nemenda?	0	1	3	15	5	0	24	4,00	83%
4. Hvernig metur þú ábyrgð starfsfólks í skólastarfinu?	0	0	0	9	18	0	27	4,67	100%
5. Hversu ábyrgir eru nemendur gagnvart námi sínu?	0	1	7	11	4	0	23	3,78	65%
6. Er skólaþróun að skila tilætluðum áhrifum á árangur nemenda?	0	1	4	13	5	0	23	3,96	78%
7. Hvernig metur þú forystu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. velferðar starfsfólks?	0	2	2	11	10	0	25	4,16	84%
8. Hvernig metur þú forystu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. faglegar leiðsagnar?	0	2	1	13	10	0	26	4,19	88%
9. Hvernig metur þú forystu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. styðjandi starfsumhverfis?	0	1	4	10	11	0	26	4,19	81%
10. Hvernig metur þú gagnsæi og sanngirni við nýtingu og úthlutun fjármagns sem skólinn hefur yfir að ráða til að bæta gæði náms og kennslu?	0	4	6	6	6	0	22	3,64	55%
11. Hversu árangursríkar eru aðferðir okkar sem hafa velferð nemenda að leiðarljósi þ.m.t. nemendavernd og öryggismál?	0	1	2	10	11	0	24	4,29	88%
12. Hvernig ábyrgjumst við að stefna skólans skv. skólanámskrá sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til nútíma skólastarfs?	0	0	3	10	8	0	21	4,24	86%
13. Hvernig metur þú gæði náms og kennslu í skólanum?	0	0	2	8	12	0	22	4,45	91%
14. Hvernig metur þú gæði námsmats í skólanum?	0	2	8	9	3	0	22	3,59	55%
15. Hvernig nýtum við niðurstöður námsmats í þágu nemenda (samkvæmt aðalnámskrá)?	0	0	5	12	5	0	22	4,00	77%
16. Hvernig metur þú hvort og hvernig nám, kennsla og matsaðferðir mæta fjölbreyttum þörfum nemenda?	0	4	11	0	8	0	23	3,52	35%
17. Hvernig metur þú gæði einstaklingsmiðunar og þau stuðningsúrræði sem skólinn býður nemendum?	0	0	1	9	12	1	23	4,57	96%
18. Hvernig metur þú þátttöku fjölskyldna í skólastarfinu?	0	2	5	12	6	0	25	3,88	72%
19. Hvernig metur þú hversu árangursrík samfella er í námi nemenda alla skólagönguna?	0	2	2	10	7	0	21	4,05	81%
20. Hvernig metur þú samstarf skólans við foreldra/forsjáráðila?	0	0	3	7	13	0	23	4,43	87%
21. Á hvaða hátt metur þú samstarf alls starfsfólks innan skólans?	0	1	1	8	15	1	26	4,54	92%
22. Á hvaða hátt metur þú samstarf skólans við samstarfsaðila utan skólans (s.s. fræðsluþjónustu, samstarfsskóla, samstarfsstofnanir o.s.frv.)?	0	0	5	16	2	0	23	3,87	78%
23. Hvernig finnst þér skólinn ná að skapa námsumhverfi sem samræmist hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar/menntun fyrir alla?	0	0	3	8	12	1	24	4,46	88%
24. Hvernig fylgjum við eftir námsgengi nemenda og árangri?	0	0	3	10	9	0	22	4,27	86%
25. Hafa nemendur tækifæri til að beita sköpunarhæfni sinni í fjölbreyttum verkefnum?	0	1	3	10	10	0	24	4,21	83%
26. Hvernig leggjum við áherslu á eflingu lestrar með skýrum markmiðum um kennslu, leiðir og árangur skv. Lestrarstefnu Skagafjarðar?	0	0	2	7	12	2	23	4,61	91%
27. Hvaða mat leggur þú á hvernig jafnrétti og sanngirni er haft að leiðarljósi í skólastarfinu?	0	1	2	9	12	0	24	4,33	88%
28. Hvaða mat leggur þú á vinnu að forvörnum gegn einelti og úrvinnslu mála skv. aðgerðaáætlun skólans gegn einelti (Olweus)?	0	0	2	12	11	0	25	4,36	92%
29. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd skólaslita?	0	1	1	8	15	0	25	4,48	92%
30. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd hreyfidaga?	0	0	1	4	17	1	23	4,78	96%
31. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd árshátíða yngri nemenda?	0	0	1	6	19	0	26	4,69	96%
32. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd árshátíða eldri nemenda?	0	0	1	7	18	0	26	4,65	96%
33. Hvert er mat þitt á eigin fagmennsku í starfi?	0	0	4	11	11	0	26	4,27	85%
34. Hvernig metur þú samstarf kennara (m.t.t. samvinnu, gagnkvæms stuðnings, sameiginlegrar sýnar, miðlunar nýrrar þekkingar o.s.frv.)?	0	1	2	9	11	1	24	4,38	88%
35. Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstöðu mótuneytis í Varmahlíðarskóla þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsals nemenda og hreinlætis- og umhverfissjónarmiða?	0	1	1	4	19	2	27	4,74	93%
36. Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mótuneyti skólans?	0	1	0	9	14	2	26	4,62	96%
37. Hvaða mat leggur þú á hvernig umhverfissjónarmið eru í heiðri höfð í skólastarfinu (s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd)?	0	1	4	13	8	0	26	4,08	81%
38. Hvaða mat leggur þú á framkvæmd og gagnsemi þróunarverkefna skólaársins? (t.d. Sprotaverkefni í stærðfræði, forritun, upplýsingatækni - ípad)	0	0	3	8	11	0	22	4,36	86%
39. Hvernig líður þér á vinnustað?	0	0	3	4	20	0	27	4,63	89%

Áætlun um sjálfsmat 2016-2019

Hversu góður er skólinn okkar?, sem ráðgert er að leggja fyrir til mats og umbóta til vors 2019. Lykilþættirnir þrír úr nýja efninu eru merktir með bláum, grænum og appelsínugulum lit. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær ýmsar kannanir eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

Skólaár	2016-2017	2017-2018	2018-2019
Haustönn			
	2.1 Nemendavernd	2.3 Nám, kennsla og námsmat	2.3 Nám, kennsla og námsmat
	2.4 Einstaklingsmiðun	1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar
október	Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk	Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk	Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk
	2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi	1.2 Forysta í skólastarfi	3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur
	2.6 Samfella í skólastarfi	1.3 Breytingastjórnun	3.3 Sköpun og starfshæfni
			gg. Olweusargæðagreinir
nóvember	Olweusarkönnun nemendur í 4.-10. bekk	Olweusarkönnun nemendur í 4.-10. bekk	Olweusarkönnun nemendur í 4.-10. bekk
Vorönn			
	Mat nemenda á skólastarfi	Mat nemenda á skólastarfi	Mat nemenda á skólastarfi
febrúar	Skólapúlsinn foreldrar	Skólapúlsinn foreldrar	Skólapúlsinn foreldrar
	2.2 Skólanámskrá	1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	2.7 Samstarf
		1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni	
	Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk	Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk	Skólapúlsinn nemendur í 6. – 10. bekk
mars	Skólapúlsinn starfsmenn	Skólapúlsinn starfsmenn	Skólapúlsinn starfsmenn
maí	Árleg skimun starfsfólks	Árleg skimun starfsfólks	Árleg skimun starfsfólks
Júní	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla

Viðauki 1: Einkunnaskali

6	Framúrskarandi	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	Mjög gott	Afar sterkur þáttur
4	Gott	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	Nægilegt	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök
2	Slakt	Mikilvæg atriði slök
1	Ófullnægjandi	Afar slakur þáttur

Skólastarf er hægt að meta út frá margvíslegum forsendum. Við þurfum að hafa í huga að þegar við gefum okkur einkunn með gæðastöðlum erum við að nota fagþekkingu okkar fremur en tæknilega úrvinnslu. Þrátt fyrir það ættu eftirfarandi almennar leiðbeiningar ávallt að vera notaðar.

Matið **framúrskarandi** er notað að uppfylltum skilyrðum fyrir framúrskarandi árangri á tilteknu sviði þar sem skólinn er leiðandi á sínu sviði á landsvísi. Námsreynsla nemenda og árangur þeirra eru framúrskarandi. Matið **framúrskarandi** er gefið fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag og er þess verðugt að útbreiða/kynna til aðila utan skólans. Það felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður við haldið.

Matið **mjög gott** á við um þegar skólastarf einkennist af styrkleika. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að matið **mjög gott** merki mikil gæði í kennslu og starfi ættu allir að geta náð því. Það felur í sér að skólastarf geti haldið áfram án meiriháttar breytinga. Þrátt fyrir það eru þær væntingar gerðar til skólans að hann nýti hvert tækifæri til umbóta og kappkosti að verða framúrskarandi.

Matið **gott** á við um starf sem einkennist af styrkleika mikilvægra atriða sem saman vega greinilega meira en atriði sem þarf að bæta. Matið **gott** gefur vísbendingar um að þeir styrkleikar sem dregnir eru fram hafi greinilega jákvæð áhrif. Þrátt fyrir það eru gæði námsreynslu nemenda skert á einhvern hátt á atriðum þar sem umbóta er þörf. Það bendir til að skólinn ætti að leitast við að skjóta styrkari stoðum undir styrkleika samhliða því að grípa til aðgerða gagnvart þeim sviðum sem þarfnast umbóta.

Matið **nægilegt** á við um að sterk atriði rétt ná að vega meira en slök. Matið **nægilegt** gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Það greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að veikleikar séu ekki það mikilvægir að þeir hafi stöðug neikvæð áhrif þrengja þeir þó að gæðum námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Matið bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja á styrkleika sínum.

Matið **slakt** gefur til kynna að sum atriði séu sterk, en mikilvæg atriði slök. Almennt má búast við því að matið **slakt** komi fram í fjölda aðstæðna. Þrátt fyrir að sjá megí einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu annað hvort á stöku stað, eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Matið bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.

Matið *ófullnægjandi* gefur til kynna að mikilvæg atriði skólastarfs séu slök og þarfnist tafarlausra úrbóta. Námsreynsla nemenda er í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf starfsfólk, sem ber ábyrgð á starfi sem leiðir til matsins *ófullnægjandi*, á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Þetta getur falið í sér að vinna með öðru starfsfólki eða samstarfsstofnunum utan skólans sé nauðsynleg.